


9. tbl. 6. árg. föstudagur 22. júní 2007. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós



Ólöf Oddgeirsdóttir bæjarlistamaður Mosfellsbæjar, Ragnheiður Ríkharðsdóttir bæjarstjóri, Sigrún Harðardóttir Fjallkona og Bryndís Brynjarsdóttir formaður menningarmálanefndar







mosfellingur@mosfellingur.is www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf. Álafossvegi 18, sími: 694-6426 Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Hilmar Gunnarsson Blaðamenn: Ágúst B. Linn og Ruth Örnólfsdóttir

Umbrot og hönnun: Mosfellingur Próförk: Hjördís Kvaran Einarsdóttir Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson Prentun: Prentmet, 3500 eintök

Aðsendar greinar skulu ekki vera lengri en 500 orð.

Mosfellingur kemur út að jafnaði á þriggja vikna fresti.

Næsta blað kemur út í ágúst

Flottir hljómsveitarkrakkar

Þeir voru flottir krakkarnir sem tróðu upp á Hlégarðstúninu að kvöldi þjóðhátíðardags. Greinilegt er að mikil gróska er í tónlistarlífinu og nýtt æfingahúsnæði sem

opnaði á dögunum á eflaust sinn þátt í því. Loksins hafa krakkarnir fengið húsnæði fyrir tónlistarútrás sína en eftir því hafði verið beðið í mörg ár. Krakkarnir léku á als oddi og gáfu Magna á Móti sól

ekkert eftir. Annars var dagskráin þennan blíðviðrisdag óvenju góð miðað við oft áður. Edda Davíðs tómstundafulltrúi á hrós skilið fyrir metnaðarfulla dagskrá og


Nú er bara að setja allt á fullt fyrir afmælishátíð Mosfellsbæjar í ágúst. Bærinn verður 20 ára og er stefnt að því að gera enn betur en í fyrra og halda rækilega upp á

Mosfellingur tekur sér smá sumarleyfi og kemur næst út um miðjan ágúst tilbúinn í baráttuna. Gleðilegt sumar

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri



www.isfugl.is



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...begar Mosfellssveitin var hersetin og tyggjóið var það nýjasta og besta í heimi og kjörið til þess að auðvelda fyrir myndun nýrra tengsla á milli þjóða. Á stóru myndinni sést yfir braggabyggðina yfir að Mosfelli og Helgafelli. Það glittir í Vesturlandsveginn í fjarska og Þingvallaveg þar sem að bandaríska hjúkrunarkonan er enn að bíða eftir honum Dick sínum og húkkar stundum far. Á innfelldu myndinni má sjá tengsl og vináttu myndast með hjálp frá jafn lítilvægum hlut og tyggigúmmíi.

Myndirnar eru teknar á stríðsárunum og eru í einkaeign.





ÆSKUMYNDIN hennar Önnu Margrétar



sveitinni, þeim Önnu Bjarnadóttur og sr. Einari Guðnasyni. Þar var mikið menningarheimili og yndislegt





Nafn: Anna Margrét Bjarnadóttir 43 ára, sölufulltrúi fasteigna. "Það eru margar minningar tengdar þessari mynd. Hún var



www.fastmos.is Sími: 586 8080

Kjarna, Þverholti 2 Mosfellsbæ

EINAR PÁLL KJÆRNESTED Löggiltur fasteignasali



Birkiteigur – 207,7 m2 sérhæð í tvíbýli

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá flotta 160,9 m2 efri sérhæð ásamt 46,8 m2 bílskúr við Birkiteig 3 í Mosfellsbæ. Mjög fallegt útsýni er úr íbúðinni, en um er að ræða nýja íbúð sem afhendist fullbúin með innréttingum og gólfefnum. Verið er að helluleggja bílaplan fyrir framan húsið. Þetta er spaný íbúð í nýuppbyggðu hverfi við miðbæ Mosfellsbæjar. Íbúðin er laus til afhendingar. Verð kr. 49,0 m.



Arkarholt - 215,3 m2 einbýlishús

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá flott 215,3 m2 einbýlishús á einni hæð með stórum bílskúr við Arkarholt 7 í Mosfellsbæ. 4-5 svefnherbergi, stór stofa, eldhús m/borðkrók, sér þvottahús, 3 baðherbergi og 41 m2 bílskúr. Stór og skjólgóður suðurgarður með spánýjum rafhituðum heitapotti. Þetta er falleg eign grónu og fallegu hverfi í Mosfellsbæ, stutt í fallega gönguleiðir og niður í hesthúsahverfi. **Verð 48,9 m.**



Þverholt - 114,3 m2 íbúð

Erum með 114,3 m2, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli í miðbæ Mosfellsbæjar. Stór stofa, eldhús m/borðkrók, hjónaherbergi m/fataherbergi, gott barnaherbergi, baðherbergi m/baðkari og sturtu, sér þvottahús. Verð aðeins 205.600 kr. pr m2. Þetta er stór og björt íbúð á góð verði í miðbæ Mosfellsbæjar.

Verð kr. 23,5 m.



Barrholt - 225 m2 einbýlishús

Fallegt 224,7 m2 einbýlishús á einni hæð með bílskúr og vinnustofu við Barrholt í Mosfellsbæ. Um er að ræða "hefðbundið" 174 m2 einbýlishús í Mosfellbsæ, en á síðasta ári var byggt við húsið 50 m2 vinnustofa sem eftir er að fullklára. Hún gæti einnig vel nýst sem stór bílskúr, unglingaherbergi eða aukíbúðarrými. Frábær staðsetning, rétt við alla þjónustu og skóla. **Lækkað verð - nú kr. 44,9 m.**



Spóahöfði - 179,6 m2 endaraðhús

Fallegt 179,6 m2 endaraðhús með bílskúr við Spóahöfða 2 í Mosfellsbæ. Íbúðin er 150,5 m2 með 3 svefnherbergjum, stórri stofu/ borðstofu, eldhúsi með borðkrók, þaðherbergi m/kari, stóru sjónvarpslofti og þvottahúsi. Innangengt í 29,6 m2 bílskúr. Þetta er björt eign með mikilli lofthæð á góðum stað í Mosfellshæ

Verð kr. 42,5 m.



Tröllateigur – 3ja herb lúxus m/bílsk.

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá glæsilega 122 m2 lúxusíbúð á 2. hæð í 4ra hæða lyftublokk með bílastæði í lokaðri bílageymslu við Tröllateig 20 í Mosfellsbæ.. Íbúðin er mjög stór og rúmgóð, stór stofa og borðstofa, eldhús með eikarinnréttingu, tvö svefnherbergi, flísalagt baðherbergi og stórt þvottahús ásamt geymslum. . Verð 28,5 m.



Bjartahlíð - 3ja herb.

Erum með fallega og bjarta 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Björtuhlíð 13 í Mosfellsbæ. Í íbúðinni er mjög rúmgóð stofa og borðstofu, eldhús með borðkrók, tvö stór svefnherbergi með skápum, flísalagt baðherbergi m/sturtu og þvottahús/geymsla inni í íbúðinni. Skóli, leikskóli og sundlaug í næsta nágrenni. Íbúðin er laus til afhendingar. *Verð kr. 24,9 m.**



Tröllateigur – 3ja herb. m/sérgarði.

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá mjög fallega 102 m2, 3ja herbergja íbúð á jarðhæð í 2ja hæða fjölbýli við Tröllateig 26 í Mosfellsbæ. Þeta er vel skipulögð íbúð, með tveimur góðum svefnherbergjum, baðherbergi m/kari, stórri stofu og góðu eldhúsi. Eikarinnréttingar í allri íbúðinni og eikarparket og ljósar flísar á gólfum. Íbúðin getur verið laus fljótlega. Verð 26,5 m.



Litlikriki 28 – 219 m2 einbýli

Erum með tvö 219,2 m2 einbýlishús í byggingu, með TVÖFÖLDUM bílskúr í nýju hverfi í Mosfellsbæ. Húsin eru staðsteypt hús á einni hæð með hefðbundnu timburþaki, með alzink bárujárni. Íbúðin er 177,0 m2 og bílskúrinn er 42,2 m2. Verð 38,4 m.v. fokhelt, með grófjafnaðri lóð, gluggar glerjaðir og bakkantur frágenginn.

Verð 43.7 m. m.v. tilbúið undir tréverk.



Bugðutangi - 2ja herb. raðhús

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá rúmgott og bjarta 2ja herbergja endaraðhús við Bugðutanga í Mosfellsbæ. Góð stofa, eldhús, gott svefnherbergi, baðherbergi m/kari og geymsla/vinnuherbergi. Þetta er tilvalin eign fyrir ung fólk að byrja, eða eldra fólk sem vill minnka við sig. Gróin og skjólgóð hornlóð í fallegu umhverfi. Íbúðin er laus til afhendingar Verð 19.3 m.



Litlikriki – Raðhús í byggingu

2 HÚS EFTIR 4ra íbúða raðhúsalengja til sölu við Litlakrika 16-22 í Mosfellsbæ. Húsin eru á einni hæð og eru 154 m2 að stærð með bílskúr. Húsin afhendast rúmlega fokheld, þ.e. auk fokheldis, verða útveggir einangraðir og tilbúnir undir sandspartl og þak verður einangrað og rakavarið.

Verð kr. 30.5 m.



Merkjateigur - einbýli/tvíbýli


NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá tvílyft einbýlishús í sölu í litlum botnlanga á fínum stað í Mosfellbæ. Húsið hefur verið notað sem tvíbýlishús sl. ár, þ.e er aðallhæð með 3-4 svefnherbergjum og 2ja herbergja íbúðarrými á jærðhæð. Húsið er samtals ca. 268 m2 með óskráðu rými á jarðhæð. Þetta er fín eign sem gefur ýmis tækifæri.

Verð 49,5 m.



NÝJAR einbýlishúsalóðir í Mosfellsbæ

NÝJAR LÓÐIR TIL SÖLU Vorum að hefja sölu á einbýlishúsalóðum á svæði 3D í Leirvogstungu. Verð frá 12,9 milljónir með gatnagerðagjöldum. TILBOÐUM VERÐUR SVARAÐ INNAN 24 KLST. Þetta er eitt af fallegustu byggingarlöndum á höfuðborgarsvæðinu, með Ļeirvogsá og Köldukvísl á sitt hvora hönd. Á svæðinu verða eingöngu byggð einbýlsi-, rað- og parhús. Kynntu þér málið á www.leirvogstunga.is eða hafðu samband við okkur á Fasteignasölu Mosfellsbæiar.



Nýr áfangi hafinn í Leirvogstungu

Hafin er sala á lóðum í nýjum áfanga í Leirvogstunguhverfinu. Að þessu sinni eru boðnar lóðir fyrir 12 einbýlishús og 15 íbúðir í raðhúsum. Einar Páll Kjærnested hjá Fasteignasölu Mosfellsbæjar er mjög ánægður með gang mála: "Það hefur verið sérlega gaman að fá að koma að Leirvogstunguverkefninu, að vera með í svona stóru verkefni frá upphafi. Margir kaupendur hyggjast byggja sjálfir sitt eigið draumahús og koma því til okkar með blik í auga. Svo á maður eftir að aka hérna framhjá einhvern tíma í framtíðinni og hugsa: "Þessu átti ég nú þátt í að koma til leiðar." Bjarni í Leirvogstungu bætir við: "Lóðasalan í Leirvogstungu hefur gengið mjög vel. Hér er smátt og smátt að verða til lítið samfélag. Mér finnst andinn meðal "landnemanna" góður. Vonandi er þetta upphaf að þessum notalega þorpsbrag sem markmiðið var að ná," segir Bjarni glaður í bragði.

Hægt að velja um grænar tunnur

Eins og fram kom í síðasta tölublaði Mosfellings stendur til að bjóða bæjarbúum upp á svokallaðar grænar tunnur. Fyrir þá

kallaðar grænar tunnur. Fyrir þá sem vilja hugsa vel um umhverfi sitt verður bráðum hægt að fá slíkar tunnur og mun Mosfellsbær koma til móts við einstaklinga og greiða stærstan hluta kostnaðarins, Grænu tunnurnar verður ekki einungis hægt að fá hjá Íslenska gámafélaginu eins og kannski mátti lesa út úr fréttinni í síðasta blaði heldur býður Gámaþjónustan einnig upp á þessa nýjung í endurvinnslu og má lesa nánar um þjónustu hennar á öðrum stað í blaðinu.



Mosfellskir tónlistarmenn fyrir utan Norðurlandahúsið í Þórshöfn að loknum tónleikunum hinn 15. júní. Talið frá vinstri: Jón Halldór Finnsson, Hjördís Elín Lárusdóttir, Sigrún Hjálmtýsdóttir, Anna Guðný Guðmundsdóttir, Sigurður Snorrason, Þorkell Jóelsson og Sigurður Þorbergsson.

Mosfellingar gera garðinn frægan með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Stormandi lukka í Færeyjum

Hinn 14. og 15. júní hélt Sinfóníuhljómsveit Íslands (Íslendska symfoniorkestrið) tónleika í Norðurlandahúsinu í Færeyjum og flutti einkum gömul íslensk dægurlög. Söngkonur með hljómsveitinni voru Mosfellingarnir Hjördís Elín Lárusdóttir og Sigrún Hjálmtýsdóttir og gerðu þær stormandi lukku á tónleikunum. Að auki léku fimm hljóðfæraleikarar úr Mosfellsbæ með hljómsveitinni svo óhætt er að segja að Mosfellingar hafi gert garðinn frægan hjá frændum okkar Færeyingum.





Söngdívurnar úr Mosfellsbæ Sigrún Hjálmtýsdóttir og Hjördís Elín Lárusdóttir ásamt íslensku ræðismannshjónunum í Færeyjum, Eiði Guðnasyni og Eyglóu Helgu Haraldsdóttur.

Nokkrir starfsmenn grunnskólanna láta af störfum eftir farsælt starf

einstaklega farsælan feril.

Kennarar kveðja


Nokkri kennarar og starfsfólk grunnskólanna í bænum létu af störfum nú í lok skólaárs og var þeim þakkað fyrir samveruna með viðhöfn.

Í Varmárskóla voru þrír starfsmenn kvaddir eftir áralangan og farsælan starfsferil. Þau eru Viktor A. Guðlaugsson skólastjóri sem hættir eftir sex ára stjórnun við skólann, Helga A. Richter aðstoðarskólastjóri sem hefur kennt við Varmárskóla í tæplega 30 ár og Guðrún Esther Árnadóttir ritari yngri deildar. Guðrún Esther hefur einnig starfað við skólann í tæp 30 ár.

Í Lágafellsskóla lét Sigríður Haraldsdóttir kennari til tæplega 40 ára af störfum.

Á síðasta starfsmannafundi í Lágafellsskóla kvöddu starfsmenn Sigríði Haraldsdóttur sem starfað hefur sem kennari við skólann frá stofnun hans





Við spörum þér sporin og auðveldum flokkun!

Við sækjum pappír, pappa, málma, plast, fernur og rafhlöður **heim til þín.** Hringdu í okkur í síma **535 2510** og pantaðu **Endurvinnslutunnuna!**







Súðarvogi 2 • 104 Reykjavík • Sími: 535 2500 • gamar@gamar.is • www.gamar.is



Goggi galvaski 17 ára um helgina

Um helgina verður haldin í 18. sinn á Varmárvelli í Mosfellsbæ, hin árlega stórhátíð ungra frjálsíþróttamanna, Goggi galvaski. Goggi er núna 17 ára, kominn á bílprófsaldurinn, en frjálsíþróttaferill hans hófst á landsmóti UMFÍ hér í Mosfellsbæ sællrar minningar árið 1990. Nánar má fræðast um dagskrá Gogga galvaska á vef Aftureldingar, www.afturelding.is. Þrettán félög víðs vegar að af landinu, með á þriðja hundrað keppenda hafa skráð sig til leiks. Goggi þiggur alla þá aðstoð Mosfellinga nær og fjær til að gera hátíðina sem veglegasta. Hafið samband við Hlyn í síma 699-3456.



Hreiðar með fyrsta fiskinn í Laxá í Kjós

Veiði er hafin í Laxá í Kjós en veiðimenn hafa beðið með mikilli eftirvæntingu eftir að veiðitímabilið hæfist. Hreiðar Grímsson bóndi á Grímssöðum landaði fyrsta fisknum eftir stutta en snarpa viðureign.
Laxá í Kjós er meðal bestu og þekktustu laxveiðiáa landsins.

Hestamannafélagið Hörður og Mosfellsbær byggja glæsilega reiðhöll

Gríðarlegt stökk fyrir félagið

Fyrsta skóflustungan að glæsilegri reiðhöll, sem rísa mun í hesthúsabyggðinni, var tekin á dögunum. Reiðhöllin mun verða ein sú stærsta á landinu og kærkomin fyrir félagsmenn Harðar. Hún verður 30x80m eða 2400 fm2 að stærð. Að sögn Marteins Hjaltested, formanns Harðar, verður höllin gríðarlegt stökk upp á við fyrir félagið og löngu tímabær fyrir starfsemi félagsins. Reiðhöllin mun breyta allri aðstöðu fyrir þjálfun og námskeiðishald og vonandi hafa í för með sér aukinn árangur og áhuga. "Þetta verður fyrst og fremst þjálfunaraðstaða" sagði Marteinn.

Mosfellsbær stendur myndarlega að byggingunni en bærinn leggur til 92 milljónir.

Áætlað er að klára reiðhöllina fyrir áramót en höllin rís milli hesthúsahverfisisns og Harðarbóls og mun liggja samsíða skeiðbrautinni.




Ragnheiður Ríkharðsdóttir bæjarstjóri og Marteinn Hjaltested formaður Harðar

Hafa skal það sem sannara reynist

Nokkur misskilningur átti sér stað í grein sem Gylfi Guðjónsson skrifaði í síðasta tölublað Mosfellings og snérist um mótmælin í Álafosskvosinni. Í greininni, sem ég viðurkenni að ég reiddist yfir, hafði Gylfi þau orð um að lögreglan og þá undirritaður hefði setið við hlið eins

mótmælandans aðgerðalaus meðan annar mótmælandi fór hamförum í að rífa niður og ryðja burtu girðingum sem afmörkuðu vinnusvæði verktakafyrirtækisins Magna frá almennri umferð.

Hið rétta varðandi þessa atburði er að fyrri daginn sem mótmælin fóru fram höfðu mínir menn samband við mig heim og óskuðu eftir veru minni á staðnum. Ég dreif mig strax á staðinn og því ekki í vinnugalla mínum. Í því tilviki ræddi ég við fólk sem þarna var m.a. við formann Varmársamtakanna. Þá var BÚIÐ að rífa niður girðingarnar.



var við vinnu. Ég virði það við þessar konur tvær að það stóð ekkert á því að yfirgefa svæðið, og var það algjörlega átakalaust.

Parna voru aðeins notuð orð sem oftast eru af hinu góða, að ræða við fólk áður en t.d. þarf að beita hörku og handtökum sem svo kalla bara á enn meiri leiðindi. Varðandi það sem Gylfi fer inn á í greininni, að handtaka fólk á staðnum og færa til yfirheyrslu, hefði engu skilað nema enn og aftur leiðindum. Þarna var ekkert Kárahnjúkaástand, langur vegur þar frá. Eins og fram kemur hér að framan yfirgaf fólkið vettvanginn

átakalaust. Hvað varðar niðurrif girðinganna var vitað og staðfest með fréttamyndum hver það var sem þar var að verki.

Ég vil koma þessu á framfæri því ég vil hvorki að ég né aðrir lögreglumenn sem hér starfa liggi undir þessum ámælum um aðgerðarleysi í þessu tilfelli. Ef undirritaður hefði verið á staðnum þegar niðurrif girðinganna fór fram hefði hiklaust verið gripið inn í atburðarásina til stöðvunar á þeim verknaði.

Að lokum. Ég hef rætt við Gylfa en við erum áratuga kunningjar og fyrrum samstarfsmenn í lögreglunni. Við ræddum þessi mál og erum fullkomlega í sömu stöðu og áður hinir mestu mátar og góðir kunningjar, og allar skýringar komnar fram og báðir sáttir, og ég hættur að vera reiður, enda aldrei hægt að vera lengi reiður út í Gylfa vin minn.

ELDRI BORGARAR

Með bestu kveðju Hörður Jóhannesson, aðalvarðstjóri Mosfellsstöð

Enn eru nokkur sæti laus í ferðina um Vatnsnes!

Laugardaginn 23. júní verður ferð norður í V-Húnavatnssýslu og farið í kringum Vatnsnes með góðum leiðsögumanni.

Lagt verður af stað frá Hlaðhömrum kl. 10, komið um hádegi í Staðarskála, því næst stoppað á Hvammstanga og haldið út á Vatnsnes. Áð verður á Gauksmýri í Línakradal í eftirmiðdagskaffi, og síðan kl. 19 verður farið í Fjöruhlaðborð í Hamarsbúð við Hamarsrétt. Verð kr. 8.200,- innifalið er akstur, kjötsúpa, kaffi og meðlæti og Fjöruhlaðborð. Skráning hjá Svanhildi í síma 692-0814.

Matseðill - Hamarsbúð 23. júní 2007

Selkjöt
Selspik nýtt og saltað
Selshreifar súrir
Hrefnukjöt steikt
Hrefnukjötsbollur
Sigin grásleppa
Grásleppuhrognabollur
Reyktur rauðmagi
Silungur reyktur og
grafinn
Silungsbollur
Hákarl

Harðfiskur Marineruð síld með rauðrófu- og karrýsalati Svartfuglsbringur Lambakjöt steikt Sauðahangikjöt soðið og hrátt Sauðakjöt grafið Tungur reyktar Trippakjöt grafið Sviðasulta súr Rúsínublóðmör Hænuegg súr Andaregg ný Hettumáfsegg Blóðpönnukökur Soðnar kartöflur Kartöflusalat Kindakæfa Skötukæfa Rúgbrauð Flatbrauð Hveitibrauð Partar
Laufabrauðspartar
Hafrakex
Ostakex
Heilhveitikex
Fjallagrasakex
Fjallagrasamjólk
Heimagert skyr
Ábrystir úr kindum
og kúm
Hambri
(mysa/ávaxtasafi)





Elín Karítas með dætrum að loknum 5 km



Ragnheiður og Lára komnar í mark



Mæðgurnar Svava Ýr og Fanney Björk



Góðar móttökur þegar komið var í mark



Allir fengu pening sem þreyttu hlaupið




Útikennsla í lok skólaárs

Í skólum bæjarins er tekið upp á ýmsu skemmtilegu síðustu daga skólaársins. Hver árangur fyrir sig fær ákveðið verkefni að vinna. Fjöruferðir og gönguferðir eru mjög vinsælar. Árlegt víðavangshlaup í Varmárskóla var þreytt og allir þátttakendur fengu verðlaunapening sem foreldrafélagið gaf að þessu sinni. Veður var vott þessa síðustu skóladaga en krakkarnir létu það ekkert á sig fá.







Þolreið Laxness haldin í annað sinn

Þolreið Laxness og Icelandair var haldin á dögunum. Keppnin er haldin bæði hér á Íslandi sem og í Þýskalandi og á Norðurlöndunum. Um er að ræða þolreiðarkeppni fyrir íslenska hestinn þar sem gildir að komast tugi kílómetra leið á sem stystum tíma en þó án þess að ganga of nærri reiðskjótanum. Fylgst er með áreynslu hestanna með því að mæla púlsinn og fari hann yfir tilsett mörk leiðir það annaðhvort til refsistiga eða brottvísunar úr keppni. Á myndinni má sjá frumkvöðla keppninnar þá Halla Andra og Póra í Laxnesi.



Eggjastuð á útivistardögum

Hið árlega vísindaverkefni Eggjastuð fór fram í mikilli rigningu á útivistardögunum í Varmárskóla. Verkefninu er þannig háttað að nemendur útbúa pakka með tveimur eggjum í. Pakkinn má vera 20 cm á hvern kant. Nemendur hafa að öðru leyti frjálsar hendur með að útbúa pakkann. Pökkunum er sleppt af annarri hæð skólans og nemendur fá síðan stig fyrir hvert egg sem kemur heilt niður. Keppni er síðan á milli bekkja um það hvaða bekkur nær að koma sem flestum eggjum niður óbrotnum. Þetta er afar spennandi verkefni og þarna fá nemendur útrás fyrir hugmyndarflug sitt.



Karlakór Kjalnesinga og félagar í hestaferð

Ég berst á fáki fráum...

Karlakór Kjalnesinga fór í sína árlegu hestaferð í byrjun mánaðar. Um er að ræða árlegan viðburð kórsins sem stendur iðulega yfir frá fimmtudegi til sunnudags. Riðið var frá Varmadal og ferðinni heitið að Hjalla í Kjós. Áð var á ýmsum stöðum og má þar helst nefna Brautarholt á Kjalarnesi og Miðdal í Kjós. Meðfylgjandi myndir eru frá áningarstað þeirra í Miðdal þar sem vel var tekið á móti ferðalöngunum. "Þetta er í 9. skiptið sem við förum í svona hestaferð og er ávallt mikið fjör" sagði Jón Magnús formaður kórsins. Þegar fjöldinn er mestur er hópurinn um 100 manns.



Guðmundur bóndi í Miðdal tók vel á móti kórfélögunum með m.a. hrossakjöti og hangilæri. Jón Magnús virðist vel við una.



Makar, börn og aðrir velunnarar kórsins tóku þátt í reiðinni og skemmtu sér vel.



Sveinbjörn á Heiðarbæ og Grétar á Kirkjulandi í hrókasamræðum í hlöðunni.



Tobbi og Halli komnir á áningarstað



"Þú komst í hlaðið á hvítum hesti..."



Björn í Brautarholti með þrjá til reiðar



Gestrisnir ábúendur í Miðdal, þau Guðmundur, Hjalti Freyr, Andrea og Svana.



Skál fyrir Silla og Gumma

LÖGREGLUFRÉTTIR

Fréttir líðandi stundar úr dagbók lögreglunnar

TÍMABIL 29. MAÍ - 14. JÚNÍ

🔙 Hraðamál

Enn eru þessi leiðindamál til umfjöllunar en ákveðið var að hvíla lesendur á þeirri umfjöllun um sinn. Nú er staðan sú að algjör nauðsyn er á að taka þessa umfjöllun á dagskrá aftur. Nú á nokkrum dögum hafa verið í gangi hraðamælingar á vegarkaflanum Vesturlandsvegur milli Reykjavíkur og Mosfellsbæjar. Þar hefur komið upp skelfileg staðreynd en 44 ökumenn voru mældir á hraðanum 100 km/klst. upp í 122 km/klst. Þetta er fráleitt ástand þar sem hámarkshraði er 80 km/klst.

Eftirför

Sá skelfilegi atburður átti sér stað að ökumaður í því ástandi að hann hefði alls ekki átt að setjast upp í bifreið sinnti ekki stöðvunarmerki lögreglu. Það má kallast Guðs lukka að ekki hlaust af þessum akstri stórslys, en för mannsins var síðan stöðvuð í Hvalfirði með því sem allir lögreglumenn vilja forðast en það er að hefta akstur ökumanns með því að aka utan í bifreið hans. Það er vandasamt verk og krefst gífurlegrar einbeitingar bæði að velja réttan stað og aðferð því þarna var um ofsa hraða að ræða.

🚕 Innbrot

Enn gaus upp innbrotafaraldur í Krikahverfinu. Þar var brotist á einni helgi inn í nokkra vinnuskúra og byggingar og stolið þaðan verkfærum og verðmætum frá t.d. einum aðila upp á rúma hálfa milljón. Það gerðist svo að nokkuð af þessu þýfi fannst upp á Skarhólabraut.

Gleðimál

Nú er nóg komið af neikvæðum fréttum því lögreglan er þeirrar ánægju aðnjótandi að eiga eina stærstu gleðifrétt sem nokkrum getur hlotnast en það er þjörgun mannslífs. Þetta gerðist eins og allir vita í sundlauginni við Lágafellsskóla þegar ungum pilti tókst með snarræði sínu að bjarga smábarni, litlum gullmola, frá drukknun. Heill sé þessum pilti og gangi gæfan áfram við hlið hans um ókomna tíma.

Síminn og neyðarnúmerið Nokkuð hefur borið á því að

fólk hefur ekki réttar upplýsingar um símanúmer á lögreglustöð Mosfellsbæjar. Síminn þar er 444-1190, en þess ber að geta að ef óskað er eftir aðstoð lögreglunnar gildir hið íslenska neyðarnúmer 112

> Kveðja frá lögreglunni *Hörður Jóhannesson*



Mosfellsbakarí hélt innflutningsteiti fyrir starfsfólk og velunnara sína

Fjör í bakaríinu hjá Hafliða

Mosfellsbakarí hefur nú komið sér vel fyrir á nýjum stað í verslunarkjarnanum Mosanum. Að sögn Áslaugar Sveinbjörnsdóttur er mikil ánægja með nýju staðsetninguna og segir hún að viðskiptavinir kunni vel að meta breytingarnar. Óhætt er að segja að Mosfellsbakarí sé eitt glæsilegasta bakarí landsins enda með súkkulaðistrákinn Hafliða í broddi fylkingar. Auk bakarísins er hægt að setjast niður á huggulegu kaffihúsi með bakkelsið og njóta herlegheitanna. Síðustu helgi var starfsfólki og öðru góðu fólki boðið í innflutningsteiti og fór vel á með gestunum eins og myndirnar sýna.



Fjölskyldan á bakvið fyrirtækið: Hafliði Ragnarsson, Áslaugu Sveinbjörnsdóttir, Linda Björk Ragnarsdóttir og Ragnari Hafliðason







Elísa og Dóra voru flottar í teitinu



Nýlega fór fram stuttmyndasamkeppni á vegum UMFÍ undir formerkjunum "Flott án fíknar". Þrjár stelpur úr 9. bekk Lágafellsskóla gerðu sér lítið fyrir og sigruðu keppnina og hlutu í verðlaun glæsilega stafræna myndavél. Markmið keppninnar var að útbúa auglýsingu um helbrigðan lífsstíl unglinga og mátti hún að hámarki vera hálf mínúta að lengd. Verðlaunin voru veitt fyrr í mánuð-<u>inum í beinni</u> útsendingu í þættinum Íslandi í dag. Myndbandið unnu þær í valáfanganum stuttmyndagerð undir leiðsögn Bjarndísar Fjólu Jónsdóttur, þessi valáfangi er mjög vinsæll á meðal unglinganna og leggja þeir sig mikið fram um að gera vandaðar stuttmyndir. Verðlaunaauglýsingin er nú komin í lokavinnslu og verður sýnd á næstunni. Stúlkurnar heita Ásdís Magnea Erlendsdóttir, Dagbjört Bára Grettisdóttir og Helga Sóllilja Sturludóttir.

ORĐIĐ ER LAUST...

Hér gefst lesendum kostur á að láta skoðanir sínar í ljós í stuttu máli. mosfellingur@mosfellingur.is



Gagnleg golfkennsla

Ég vil byrja á því að þakka fyrir frábært framtak hjá Mosfellsbæ að bjóða fólki 50 ára og eldra upp á ókeypis golfkennslu enda er ég er búin að mæta í hvern einasta tíma eftir að ég frétti af þessu. Ég hvet alla sem einhvern áhuga hafa á golfi, hvort sem þeir hafa fengið einhverja eða enga golfkennslu, að nýta sér þessa góðu þjónustu sem ég vona að haldi áfram. Einstaklega liðlegur maður leiðbeinir okkur og það ber svo sannarlega að þakka. Það má einnig bæta því við að þeir sem halda sig ekki hafa áhuga á golfi fá áhugann, þegar þeir byrja, ég get nærri því lofað því út frá minni eigin reynslu. Ég er alveg viss um að ég tala fyrir hönd okkar sem njótum þessarar leiðsagnar þegar ég spyr hvort ekki sé möguleiki á því að fá þessa tilsögn lengur sem mér skilst að eigi að ljúka um mánaðamótin júní/júlí. Það er svo margt jákvætt við þetta: útivera, góð hreyfing og betri heilsa og um leið sparnaður fyrir bæjarfélagið þegar lengra er litið. Góður félagsskapur.

Hlýlegar kveðjur, ESS



Alvarleg slysagildra Þegar komið er frá Tungubökk-

Pegar komið er frá Tungubökkum að gatnamótunum við Vesturlandsveg blasir við þetta feiknastóra skilti á vinstri hönd og kemur algjörlega í veg fyrir að hluti vegarins sjáist og því getur legið við stórslysi á þessum stað. Nú þegar æfingar eru hafnar á Tungubakkavelli hefur umferð þangað stóraukist. Lögreglan segist vera búin að gera athugasemd vegna skiltisins við verktakann en ekkert hefur breyst. Nú hvet ég verktakann til þess að færa skiltið því ekki viljum við slys á þessum stað, er það?

Áhyggjufullt foreldri



Útskrift nemenda í 10. bekk

Nemendur 10. bekkjar í grunnskólum bæjarins voru útskrifaðir þaðan á dögunum við hátíðlega athöfn. Veittar voru viðurkenningar fyrir góðan námsárangur og eftirfarandi sköruðu framúr á síðasta skólaári.

VARMÁRSKÓLI

Málfríður Bjarnadóttir fyrir góðan árangur í íslensku og í stærðfræði

Árni Johnsen

fyrir góðan árangur í raungreinum

Edda Karolína Ævarsdóttir fyrir góðan árangur í myndmennt Heiðrún Svala Aronsdóttir fyrir miklar framfarir í námi Hrafnhildur H. Halldórsdóttir fyrir góðan árangur í ensku Stefán Óli Jónsson

fyrir góðan árangur í dönsku **Dennis Kambskard**

fyrir góðan árangur í dönsku Eyrún Þóra Guðmundsdóttir fyrir góðan árangur í fatasaumi Daria Rudkova

fyrir einstakan dugnað, samviskusemi og góðan námsárangur

LÁGAFELLSSKÓLI

Bergbóra Ragnarsdóttir

fyrir góðan árangur í íslensku og hæstu einkunn á lokaprófi frá Soroptimistasambandi Íslands.

Leó Jóhannsson

fyrir góðan árangur í íslensku og ensku

Hanna Sigríður Tryggvadóttir fyrir góðan árangur í stærðfræði Hanna Valdís Guðjónsdóttir fyrir góðan árangur í stærðfræði og fyrir hæstu einkunn í saman-

lögðum samræmdum greinum. Sigurður Örn Ragnarsson

fyrir góðan árangur í stærðfræði Sunna Harðardóttir

fyrir góðan árangur í

norrænu tungumáli

Hermann Ingi Pálsson fyrir góðan árangur í náttúrufræði

Hrafnhildur Anna Runólfsdóttir, fyrir góðan árangur

í samfélagsfræði

Steinunn Ásdís Hafberg fyrir mestu framfarir í námi

Viðar Ingi Ottósson


fyrir mestu framfarir í námi

Ásthildur Ólöf Ríkharðsdóttir, samskiptaverðlaun foreldrafélags Kristófer Fannar Guðmundsson

samskiptaverðlaun foreldrafélags Hanna Lilja Egilsdóttir

fyrir félagsstörf

Gísli Már Guðjónsson fyrir félagsstörf







Sögulegur aðalfundur

Aðalfundur Sögufélags Kjalarnesþings var haldinn á Ásláki hinn 5. júní sl. Bjarki Bjarnason var endurkjörinn formaður félagsins en aðrir í stjórn voru kosin: Magnús Guðmundsson, Gréta Aðalsteinsdóttir, Kristinn Magnússon og Guðjón Jensson. Varamenn í stjórn eru Sesselja Guðmundsdóttir og Douglas A. Brotchie.

Helstu verkefni Sögufélagsins á liðnu starfsári voru útgáfa á fréttabréfinu Saga til næsta bæjar og vorferð félagsins sem að þessu sinni var farin í Elliðaárdal undir leiðsögn Árna Hjartarsonar jarðfræðings. Sögufélag Kjalarnesþings fagnar 25 ára afmæli sínu á komandi hausti.



Ný stjórn leikfélags Mosfellssveitar

Aðalfundur Leikfélags Mosfellssveitar fór fram í lok síðasta mánaðar í Bæjarleikhúsinu. Ólöf A. Þórðardóttir var kosin nýr formaður en aðrir í stjórn eru: Dóra Wild, Brynhildur Sveinsdóttir, Eva Björg Harðardóttir, Guðrún Esther Árnadóttir, Bóel Hallgrímsdóttir og Hrefna Vestmann. Framkvæmdastjóri LM er María Guðmundsdóttir.

Bílbeltakönnun á Kjalarnesi

Umferðarstofa og Slysavarnarfélagið Landsbjörg stóðu fyrir könnun á notkun bílbelta hjá ökumönnum á dögunum. Helstu niðurstöður á Kjalarnesi voru þær að mikill munur var á beltanotkun eftir því hvert ferðinni var heitið. Á Vesturlandsvegi voru um 95% ökumanna með beltin spennt en einungis 50% þeirra sem voru á ferð innan hverfis spenntu beltin.



Brúarland er merkilegur staður, án efa það hús í Mosfellsbæ sem á sér mesta menningarsögu. Leitt er að sjá hve því er lítill sómi sýndur nú til dags og væri þó hægt að gefa því margvíslegt verkefni enn um sinn. Til dæmis mætti hugsa sér að koma þar upp menningar- og minjasafni bæjarfélagsins.

Það sem ef til vill stendur því fyrir þrifum er að ekki skuli vera sæmilegt aðgengi að því fyrir hreyfihamlaða en það mætti auðveldlega leysa, t.d. með látlausri lyftubyggingu sem opnaðist inn í viðbygginguna á norðurhlið hússins, inn í rými það sem var kennarastofa eftir að byggt var við húsið á bessu horni árið 1950.

Byggaframkvæmdir að Brúarlandi voru hafnar 1922 en fjármagn leyfði ekki meira en kjallarann að sinni. Þar hófst kennsla í barnaskólanum þá um haustið og var í fyrsta sinn sem barnafræðsla í sveitinni hafði fastan samastað. Áður hafði verið notast við farkennslu. Húsið þótti lágkúrulegt og ljótt og ort var:

Hús var reist við héraðsbraut, hreppur Mosfells á það. Það ætti að standa ofan í laut svo enginn þyrfti að sjá það.

Mér er sagt að vísa þessi sé sameign Bjarna á Reykjum og Hjálmars á Hofi. Annar (líklega Bjarni) hefði kastað fram fyrri partinum en hinn botnað. Haustið 1929 var húsið fullgert. Þá kvað við annan streng:

Á Brúarlandi byggð var höll, barnaskóli fríður. Hann ætti að flytjast upp á fjöll svo fengi að sjá hann lýður.

Húsið dró nafn af brúnni yfir Varmá sem mun hafa komið um svipað leyti og fyrsti hluti byggingar að Brúarlandi eða litlu fyrr. Ekki veit ég hver teiknaði Brúarland, en flogið hefur fyrir að það hafi verið sjálfur Guðjón Samúelsson.

Brúarland var ekki aðeins menntasetur sveitarinnar næstu áratugina heldur einnig samkomustaður hennar til hvers sem var skemmtunar eða alvarlegra funda. Auk þess átti Lárus skólastjóri Halldórsson þar heima lengi vel með stóra fjölskyldu og margt fólk annað tengt honum og konu hans Kristínu Magnúsdóttur frá Mosfelli. Þar að auki voru skólastofur gjarnan leigðar dvalargestum á sumrin vel fram á fimmta áratuginn. Sjálfsagt þótti meðan þess var kostur að kennarar ættu líka heima í húsinu, bæði Klara Klængsdóttir og Magnús Guðmundsson - kannski fleiri.

Í áratugi var þar líka símstöð og pósthús sveitarinnar, fyrst á annarri hæð, en frá 1950 í kjallaranum og þá þar sem áður var leiksvið við samkomusalinn sem á vetrum var líka leikfimisalur. Þar hefur karlakórinn Stefnir haft aðsetur nú um árabil sem er vel við hæfi, því þar var Söngfélagið Stefnir einmitt stofnað á sínum tíma.

Eftir að skólahaldi lauk að Brúar-



Brúarland á vordögum 2006. Lága hlutanum með skúrþakinu, sem útidyr efri hæða annars vegar en kjallara hins vegar eru á, var bætt við húsið 1950. – Á hann mætti auðveldlega gera nýjan inngang sem tæki tillit til hreyfihamlaðra.

landi og skólarnir voru fluttir upp á Varmártún hýsti Brúarland um langt skeið Tónlistarskóla Mosfellssveitar.

Mér er til efs að nokkurt hús í Mosfellsbæ eigi jafn volduga og fjölbreytta mannlífssögu. Sem betur fer tók Magnús Lárusson Halldórssonar hana saman í stórum dráttum og setti á blað árið 1983, bjargaði henni þar með frá glötun. Hafi hann sæll gjört.

Nú þurfa Mosfellingar að sýna framtak og skipa Brúarlandi verðugan sess í menningarlífi bæjarins. Mér þótti miður að sjá á drögum að nýju miðbæjarskipulagi sem nú eru á sveimi að ekki sé hugsað til þess að láta miðbæinn ná niður brekkuna framhjá Hlégarði allt að Brúarlandi og þannig allt að íþróttamannvirkjum bæjarins um leið.

En kannski stendur það til bóta.

Sigurður Hreiðar





Hafin er sala á nýjum lóðum á sérlega góðum stað í Leirvogstungu í Mosfellsbæ. Leirvogstunga er eitt glæsilegasta byggingarland á höfuðborgarsvæðinu. Landi hallar til sjávar og útsýni er því einstakt yfir Leirvog, Esjuna og til Reykjavíkur.

Líttu á vefinn okkar **WWW.LEIRVOGSTUNGA.IS.** Þar er að finna vandað lóðakort, fallegar myndir af svæðinu og upplýsingar um sögu þess og framtíð.

Draumalóðin þín gæti leynst í Leirvogstungu.



Þökkum frábærar

RE/MAX Þing hefur opnað að

Ljósmyndasamkeppni

RF//IX
Ping

RE/MAX Þing kynnir ljósmyndasamkeppni fyrir alla bæjarbúa! Myndefni er frjálst en á þó að tengjast bæjarlífinu og menningunni í Mosfellsbæ.

Verðlaun: 50.000 króna gjafabréf upp í utanlandsferð

Fleiri skemmtileg aukaverðlaun.

Sendið myndirnar á mos@remax.is eða komið með myndirnar í móttökuna hjá okkur hjá RE/MAX Þing á stafrænu formi.

Myndir úr keppninni verða til sýnis hjá RE/MAX Þing næstu vikur.







viðtökur!

RF//AX

Ping

Háholti 13-15



RE/MAX Þing Háholti 13-15

Ertu viss um að fasteignin þín sé að fá framúrskarandi þjónustu ? Ertu viss um að fasteignin þín sé rétt verðmetin ?

- · Við notum eingöngu atvinnuljósmyndara
- Við auglýsum eignina þína með áberandi hætti
- Við sýnum alllaf eignina þína
- Við bjóðum upp á frítt verðmat fyrir sölu
- Við útbúum vandaða eignamöppum um fasteignina þína
- Við höldum opið hús fyrir þig

FRÍTT VERÐMAT FYRIR SÖLU

ERUM MEÐ KAUPENDUR AÐ EIGNUM Í MOSFELLSBÆ, ER EIGNIN ÞÍN SKRÁÐ HJÁ OKKUR ?

Hringdu núna

412 3300

Sölufulltrúar óskast!

- Ertu heiðarleg/ur og hefurðu mikinn metnað?
- Mjög háar tekjur fyrir rétt fólk.
- Skipulögð þjálfun og kennsla.
- Brennandi áhugi á fasteignum skilyrði!

Sendið upplýsingar um menntun og fyrri störf á mos@remax.is





Álfyssingar endurvekja Fánadaginn

Sigurjón Pétursson verksmiðjueigandi á Álafossi hélt um langt skeið svonefndan fánadag við Álafoss. Árið 1921 gekkst hann fyrir svonefndu Álafosshlaupi í fyrsta skipti ásamt fjölbreyttri dagskrá á þessum hátíðardegi. Mikill áhugi er fyrir því að endurvekja þennan þjóðhátíðardag Álfyssinga og flögguðu íbúar Kvosarinnar bláhvítum fána við hlið þess íslenska í tilefni dagsins. Veðrið lék við hvern sinn fingur, myndlistarnemar máluðu utandyra ásamt því að Álafosshlaupið var þreytt en það hefur lengi vel verið haldið á vegum frjálsíþróttadeildar Aftureldingar.

Úrslit voru sem hér segir: Karlaflokkur, 1. Quentin Reeve, 2. Sigurður Hansen, 3. Þórólfur Ingi Þórsson. Kvennaflokkur: 1. Eva Einarsdóttir, 2. Elísabet Sólbergsdóttir, 3. Hólmfríður Svavarsdóttir







Að eiga regnkápu í bílskúrnum

Í Varmárskóla er hefð fyrir svokölluðum útivistardögum í vikunni fyrir skólalok. Þá gefst nemendum kostur á að fara í gönguferðir á fjöllin okkar í Mosfellsbænum, skoða fossana, fara í fuglaskoðun og gróðursetja tré.

Í ár voru veðurguðirnir í frekar vondu skapi og það rigndi og blés hressilega á okkur. Ég varð þess heiðurs aðnjótandi að vera fararstjóri hjá 4. bekkjunum. Við fórum á mánudeginum á Reykjafellið og á miðvikudeginum frá Stardalnum niður í Hrafnhóla og skoðuðum Tröllafoss á leiðinni sem var mjög tilkomumikill eftir alla þessa rigningu. Um 60 börn voru í hópnum og ég get ekki sagt annað en að hópurinn stóð sig frábærlega vel í alla staði. Leitt var bara hversu illa búnir sumir krakkarnir voru. Þrátt fyrir að allir foreldrar voru rækilega



upplýstir um hvað til stæði þessa daga og auðséð var hvernig viðraði, þá mættu sum börn án regnkápu og í skóbúnaði sem ég myndi ekki einu sinni treysta mér áút í búð á jafnsléttu. Getur það verið að íslensk börn eigi ekki lengur neinn al-

mennilegan útivistarfatnað? Að það stefni í sama horfið eins og hjá mörgum fullorðnum sem eiga regnkápuna sína í bílskúrnum? Þá á ég við að fólkið notar bílinn í vondu veðri frekar en almennilegan skjólfatnað. Eða gæti það verið að foreldrar fylgist bara ekkert með því sem er að gerast í skólanum og hvernig barnið fer í vinnuna sína á morgnana?

Nú spyrja kannski sumir til hvers maður sé að reka vesalings börnin út í vonda veðrið að ganga á fjöll. Þau séu jú í skólanum til þess að læra. Svarið er að börnin læra mikið í svona gönguferðum, atriði sem við kennum þeim ekki í skólastofunni. Þau læra tillitsemi og hjálpsemi við hvort annað. Þau læra að umgangast náttúruna af virðingu. Þeim er kennt hvernig er best að fara brattar skriður, hvernig best er að ganga yfir mýrlendi, hvernig maður stiklar læk eða labbar yfir þúfur. Allt er þetta njög gaman þegar maður er vel búinn. Börnin læra einnig örnefni, þau læra að þekkja fugla og plöntur. Og börnin fyllast stolti yfir því að sigrast á sjálfum sér og geta þetta!

Auðvitað eiga þessar gönguferðir einnig að vera hvetjandi fyrir börnin til að stunda holla hreyfingu úti. En þetta gerist ekki þegar þau eru illa búin, rennandi blaut og skjálfandi af kulda, þegar þau eiga bara sína regnkápu í bílskúrnum.

Úrsúla Jünemann, kennari og áhugamaður um útivist og náttúruvernd.

RE/MAX fasteignasala hefur nú opnað við hlið Krónunnar í Mosanum

Ætlum okkur stóra hluti í Mosfellsbæ

Um síðustu helgi opnaði fasteignasalan RE/MAX Þing í Mosanum. Allar RE/MAX stofurnar eru reknar sem sjálfstæðar einingar og eru í einkaeign. "Viðtökurnar hafa verið mjög góðar. Þjónustustigið er mjög hátt og í tilefni opnunarinnar bjóðum við öllum Mosfellingum frítt verðmat fyrir sölu. Við ætlum okkur stóra hluti í Mosfellsbæ og nágrenni og erum komin til að efla þjónustu við bæjarbúa." sagði Axel Axelsson framkvæmdastjóri.

"Pað voru miklar pælingar um nafngift. Nafnið RE/MAX Þing kom svo upp og það er hljómfagurt og gott. Það er líka stutt til Þingvalla frá Mosfellsbænum að ógleymdri þeirri staðreynd að Kjalarnesþing er talið forveri Alþingis Íslendinga." sagði Axel að lokum um leið og hann býður alla Mosfellinga velkomna.



Stoltir eigendur: Hannes Steindórsson, Axel Axelsson, Björn Þ. Hannesson og Gunnar Valsson.









Bergsteinn Ásbjörnsson sýnir í Listasalnum

Bönd 9. júní – 28. júlí

Sýningin Bönd er innsetning sem Bergsteinn vinnur inn í rými Listasalar Mosfellsbæjar. Verkið tengist hugleiðingum listamannsins um hjónaband, ættarband, en þó að mestu um tímann og er verkið tilraun til að gera tímann og tímans bönd sýnileg. Grunnur verksins er í norrænni goðafræði sem fléttast saman við innsetninguna órofa böndum.

Verkið samanstendur af 365 þráðum sem saman mynda vef tákna og tenginga sem hægt er að lesa á ótal vegu. Hægt er að sjá Ask Yggdrasil teygja anga sína um salinn þar sem lífsins tré og tími fléttast saman. Bergsteinn notar gabbró í verkið sem er 18.000 milljón ára gömul bergtegund. Frammi fyrir slíkum aldri verður tíminn óskiljanlegur og áþreifanlegur í senn. Við enda hvers þráðar verksins er brot af hverjum fæddum degi sem runnið hefur sitt skeið á enda.



Bergsteinn Ásbjörnsson (f. 1954) hefur búið í Svíþjóð síðastliðin 30 ár þar sem hann hefur starfað að myndlist sinni. Í vor var honum veitt heiðursviðurkenning Gälveborgar á sviði lista og á sama tíma opnaði hann sýningu í Galleri 8, Sundsvall, Svíþjóð. Tengsl hans við Ísland hafa þó aldrei rofnað og hann sýndi síðast á Íslandi í SÍM húsinu, 2004.

Listasalur Mosfellsbæjar, Kjarna, Þverholti 2, er opinn virka daga kl. 12-19 og laugardaga kl. 12-15 og er í Bókasafni Mosfellsbæjar.





Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

Hefur þú gaman af lífinu? Ertu jákvæð/ur? Finnst þér gaman að leika þér? Hefur þú gaman af börnum?

Ef svo er þá eru lausar nýjar stöður við Lágafellsskóla í Mosfellsbæ frá og með 15. ágúst 2007.

Óskað er eftir leikskólakennurum eða uppeldismenntuðum einstaklingum til starfa við leikskóladeild sem tekur til starfa á næsta skólaári.

Einnig er óskað eftir áhugasömum einstaklingum til að vinna í frístundaseli skólans.

Við leitum eftir jákvæðum einstaklingum sem hafa gaman af því að vinna með börnum í fjölbreyttu starfi. Kostur er ef viðkomandi hefur reynslu af listum, hreyfingu eða öðru starfi með börnum. Um er að ræða 50% - 100% stöður.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélaga. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til 1. júlí 2007.


Upplýsingar um störfin veita:

Anna Ólöf, aðstoðarleikskólastjóri

í síma: 692-4005 - netfang: annaolof@leikskolinn.is

Sigríður, forstöðumaður frístundastarfs

í síma: 699-3131 - netfang: systasig@internet.is



United maður til Aftureldingar

Aaron Burns, tvítugur famherji sem verið hefur á mála hjá Manchester United, gekk í síðustu viku til liðs við meistaraflokkslið Aftureldingar. Hann gerði eins mánaðar samning, en Burns er að leita fyrir sér í heimalandinu fyrir komandi keppnistímabil. Burns hefur verið hjá Manchester United í á fjórða ár en fékk ekki samning sinn framlengdan í vor.

"Hann var nýkominn til landsins þegar hann fór með okkur norður á Grenivík. Burns vantar greinilega meiri leikæfingu og í heild er of snemmt að segja nokkuð um hann ennþá," sagði Ólafur Ólafsson, þjálfari meistaraflokksliðs í samtali við Mosfelling.

Burns lék Í 70 mínútur með Aftureldingu í sigurleik gegn Magna, 4:0, og skoraði fyrsta mark leiksins úr vítaspyrnu.

Stelpur óskast á fótboltaæfingar

Knattspyrnudeildin er mjög stór og margir iðkendur en það er alveg ótrúlegt að í 6. flokki kvk er einungis ein stúlka að æfa



sem fædd er árið 1997 og þannig er það búið að vera í allan vetur. Birta Karen Gunnlaugsdóttir heitir þessi duglega stúlka og hefur hún fengið að æfa líka með 5. flokki. Að sögn Eyju þjálfara þá gerðist slíkt hið sama að ein stelpa var að æfa árið 1977 þá var það Hekla Daðadóttir. Nú óska bæði Eyja þjálfari og Birta Karen eftir stelpum fæddum 1997 á æfingar.



Frábær árangur hjá 5. flokki í Vestmannaeyjum

Silfur á Pæjumóti

A-lið 5. flokks kvenna náði þeim frábæra árangri að vinna til silfurverðlauna á Pæjumótinu í Vestmannaeyjum. Afturelding tapaði, 2:1, í úrslitaleik fyrir Breiðabliki, eftir að jafnt var í hálfleik, 1:1. Þetta er svo sannarlega stórglæsilegur árangur hjá stelpunum sem unnu sex leiki í mótinu, gerðu eitt jafntefli en töpuðu tveimur viðureignum. Á myndinni mjá sjá stelpurnar með þjálfurum sínum. Frá hægri: Kolbrún Edda Sigurhansdóttir þjálfari, Sara Gunnarsdóttir, Snædís Guðrún Guðmundsdóttir, Hrefna Guðrún Pétursdóttir, Guðrún Ýr Eyfjörð, María Rannveig Guðmundsdóttir, aðstoðarþjálfari. Neðri röð: Valdís Björg Friðriksdóttir, Hrönn Kjartansdóttir, Hlíf Ólafsdóttir, Telma Þrastardóttir og Sandra Björk Ketilsdóttir markmaður.

BOLTINN RÚLLAR

...46 strákar fara frá Aftureldingu á N1 mót 5. flokks á Akureyri fyrstu helgina í júlí.

...liðlega 30 peyjar halda á Shellmót í Eyjum í næstu viku.

...fyrrverandi leikmaður Aftureldingar, Atli Heimisson, sá um að skora eina markið í bikarleik Aftureldingar og ÍBV á Hásteinsvelli á dögunum. Úrslitin 1:0 og Afturelding er þar með úr leik að lokinni 3. umferð

...Afturelding er sem stendur í 3.-4. sæti í 2. deild karla á Íslandsmótinu. Mikilvægur leikur er framundan hjá strákunum í kvöld þegar þeir mæta Sindra á Varmárvelli.

Aftureldingarkortin renna út

Á þriðja hundrað manns hafa fengið sér Aftureldingarkortið núna á fyrstu tveimur vikunum sem kortið

hefur verið í boði. Er það framar vonum á svo stuttum tíma. Hægt



er að fara inn á www.afturelding.is og sækja um kortið þar. Allir Mosfellingar 18 ára og eldri eru hvattir til að styðja við íþróttastarfið og gerast félagar. Félagsgjald er frítt fyrsta árið og aðeins kr. 1000 á ári tvö. Með því að fá þér félagskortið styrkir þú Aftureldingu bæði beint og óbeint auk þess að njóta afsláttar hjá ýmsum samstarfsaðilum.



Meistaraflokkur kvenna á fullri ferð

Meistaraflokkur kvenna hefur heldur betur staðið sig vel í sumar. Liðið er í öðru sæti Ariðils Íslandmótsins í 1. deild með 9 stig eftir 4 leiki. Þá er liðið komið áfram í 8-liða úrslit bikarkeppni KSÍ, eitt liða úr næst eftir deild. Á dögunum dróst Afturelding á móti úrvalsdeildarliði Keflavíkur í 8-liða úrslitum bikarsins. Leikurinn fer fram hér á heimavelli 12. júlí. Ríkir mikil ánægja með góðan árangur meistaraflokksliðsins sem er ungt að árum. Næsti leikur liðsins verður við Þrótt á Valbjarnarvelli á sunnudaginn.



Yngri flokkarnir gera það líka gott

Keppni er komin á fulla ferð hjá yngri flokkum Aftureldingar í knattspyrnu. Best hefur vegnað hjá 3. flokki kvenna, og hafa þær til að mynda unnið þrjá leiki og tapað aðeins tveimur og 4. flokkurinn hefur unnið tvo leiki en tapað tveimur.

Hjá körlum er 2. flokkur kominn áfram í bikarkeppninni eftir sigur á Njarðvík, 1:0. Í síðustu viku hóf 5. flokkur karla keppni með heimsókn til Keflavíkur. Aliðið tapaði, B-liðið gerði jafntefli en C og D-liðin unnu. Einnig hefur 5. flokki kvenna vegnað vel á Íslandsmótinu auk þess sem þær voru frábærar á Pæjumótinu í Eyjum eins og annarsstaðar hefur verð skýrt frá.


Ívar Ben

Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá Jako

NAMO ehf. Þverholti 2 Kjarna



símar: 566-7310 og 896-0131 namo@namo.is





MOSFELLSBÆR

er Bakhjarl leiksins og hvetur alla Mosfellinga til að mæta á völlinn

Afturelding - Sindri

Föstudaginn 22. júní, kl. 20.00 á Varmárvelli Sjáumst á vellinum!

Ásta Dóra Ingadóttir hefur tamið dýr frá unga aldri, í dag rekur hún dýratamningastöð í Mosfellsdal.

Temur allar tegundir dýra

að var hlýtt og gott veður þegar blaðamaður renndi í hlaðið hjá þeim Ástu Dóru Ingadóttur og manni hennar Sverri Jóhannssyni að Reykjahlíð í Mosfellsdal, þar búa þau ásamt börnum sínum Ólafíu Sif 17 ára framhaldsskólanema og Stefáni Sölva 8 ára, hestunum, hundunum beirra sex og fleiri dýrum.

Blaðamanni lék forvitni á að vita hvaðan allur þessi dýraáhugi kæmi en húsmóðurin hefur tamið dýr frá unga aldri og temur allar tegundir dýra.

"Ég held að áhugi minn á dýrum hafi byrjað við 5 ára aldurinn" segir Ásta Dóra sem er fædd í Reykjavík árið 1964, "ég ólst upp í nágrenni við neðri Fák og þar var hægt að klappa hestunum og fara á bak inn í stíu, svo voru þarna lausir hundar þó að hundahald væri stranglega bannað í höfuðborginni, þá var gjarnan bundið í hundana snærisspotti og þeir teknir nauðugir í göngutúr og svo var farið með þá heim og þeim gefin mjólk í skál, þegar þeir voru orðnir leiðir eða við krakkarnir þá var snærið tekið af þeim og þeir sáu svo sjálfir um að koma sér heim, þetta var bara hið besta mál eða svo fannst okkur" segir Ásta brosandi

"Einnig var gaman að veiða skordýr og grasmaðkafaraldurinn var himnasending, þeim safnaði maður saman í krukku og kom með þá stoltur heim en mamma var ekki eins ánægð og hellti þeim í ræsið."



"Árið 1970 fluttum við fjölskyldan í Árbæjarhverfið og þar bjó ég alla mína grunnskólagöngu.

Eftir skóladaginn lá leiðin beint upp í hesthús, fyrst til að heimsækja annarra manna hesta en eftir fermingu sinnti ég mínum eigin hesti, ég eyddi miklum tíma í hesthúsahverfinu því þarna var gott að vera innan um dýr og menn.

Í blokkinni sem ég bjó í mátti ekki vera með gæludýr en til að fullnægja mínum þörfum í þeim efnum þá tók ég með mér mýs úr hesthúsinu og sleppti þeim lausum í fataskápnum mínum og svo skildi ég ekkert í því hvað mamma var reið þegar þær voru farnar að hlaupa um í stofugardínunum. Ég var líka í Skátunum á þessum tíma og minningarnar frá skátaskálunum á Hellisheiði eiga eftir að lifa lengi."

Vann í Tjaldanesi

"Úr Árbæjarskóla lá leið mín í Menntaskólann við Sund.

Þar kynntist ég Kristínu dóttur Birgis Finnssonar forstöðumanns í Tjaldanesi, þau kynni áttu eftir að verða mér afdrifarík því Kristín hvatti mig til þess að sækja um vinnu í dalnum sem ég og gerði.

Ég byrjaði á því að fara í heimsókn og varð ástfanginn af Reykjahlíðinni sem þá var starfsmannahús, öllum ranghölunum, gamla draslinu, kompunum, fjósinu og síðast en ekki síst hesthúsinu sem var þá í mjög óvirðulegu hlutverki sem geymsla.





Það varð ekki aftur snúið, ég fékk vinnu og varð fljót að breyta hesthúsinu í sína upprunalegu mynd og kaupa mér annan hest svo að Brúnki minn þyrfti ekki að búa einn, í Reykjahlíð hef ég búið síðan, því að á endanum keypti ég húsið."

Öll dýr nema kýr

"Sverrir flutti til mín fyrr en varði og við fengum okkur hund og svo fleiri hunda en svo fæddist frumburðurinn okkar hún Ólafía Sif en sonur okkar Stefán Sölvi fæddist átta árum seinna.

Í gegnum tíðina höfum við verið með flestar dýrategundir á heimilinu nema við höfum aldrei verið með kýr, en hestamennskan er okkar aðaláhugamál og við Sverrir ríðum mikið út þá aðallega hér í dalnum, reiðtúr á Þingvelli er líka árlegur viðburður."

Hundaskólinn stofnaður

"Á árunum 1989-1993 fór ég oft til Englands á námskeið hjá John Rogerson og skólinn hans heitir "The nort-

hern centre for animal behaviour" til að fræðast um hundatamningar, atferli og hegðunarvandamál hunda og eftir heimkomuna ákvað ég að stofna hundaskóla eins og mér fannst hann ætti að vera og skýrði hann Gallerí Voff.

Hundaskólinn hefur gengið vonum framar og eru nú haldin námskeið fyrir hundaeigendur flest kvöld vikunnar, fólk kemur alls staðar að en mest frá Reykjavíkursvæðinu.

Fólk sem kemur í hundaskólann heldur oft

að það sé að kenna hundinum sínum að setjast og leggjast en í raun er þetta miklu dýpra heldur en það



Ásta Dóra og hesturinn Seifur Óskar Ásta er þarna 19 ára í Mosfellsdalnum.

því það er verið að vinna í hugarfari bæði eigandans og hundsins.

Eigandinn þarf að þekkja takmarkanir og eiginleika hundsins og hann þarf að sanna sig sem foringja svo hundurinn taki mark á honum, það er nauðsynlegt að temja hundinn markvisst svo maður geti treyst því að hann hlýði við allar aðstæður og það gerist ekki að sjálfu sér, maður eignast ekki góðan hund nema að sinna honum vel" segir Ásta ákveðin.

> Ásta Dóra hefur tekið að sér alls kondýratamningar fyrir leikhús, bíómyndir og auglýsingar meðal annars á rottum, lömbum, hrútum, hestum. köttum og hundum af ýmsum stærðum og gerðum svo eitthvað sé nefn.

Þegar ég spyr Ástu Dóru hvað það sé sem gefi henni varðandi hundana þá stóð ekki á svari "það er að vera í návist

þeirra, horfa á þá og ná sambandi við þá ... það er góð tilfinning ef ekki sú besta" sagði Ásta Dóra að lokum.



NÚ ER BARA AÐ TAKA ÞÁTT 20 ÁRA AFMÆLISHÁTÍÐ!

Bæjarhátíðin "Í túninu heima" verður haldin dagana 24. – 26. ágúst 2007. Í ár höldum við uppá 20 ára afmæli, því þann 9. ágúst 1987 breyttist Mosfellshreppur í Mosfellsbæ. Þessara tímamóta verður minnst með metnaðurfullri dagskrá bæjarhátíðarinnar.

Uppbygging dagskrárinnar verður með svipuðu sniði og sl. ár þó auðvitað sé tekið vel á móti öllum nýjum hugmyndum.

Íþróttamiðstöðinni að Varmá verður breytt í sýningarhöll þar sem settir verða upp básar, eins og áður, og fyrirtækjum, einstaklingum og félagasamtökum gefst tækifæri til að sýna og kynna starsemi sína. Þetta er tækifærið til að ná sambandi við bæjarbúa hvort sem það er til að bjóða viðkomandi þátt í félagsstarfi og/eða að kynna þjónustu sína og efla viðskipti í heimabyggð. Fjölgun íbúa í Mosfellsbæ hefur alltaf verið í hærra lagi, miðað við önnur bæjarfélög, en aldrei hefur hún verið jafn mikil og nú. Bættar samgöngur við Grafarvog gefa þjónustufyrirtækjum í bænum



Í upplýsingum vegna þátttöku þarf eftirfarandi að koma fram:

Heiti þátttakenda/fyrirtækis, heimilisfang, sími og netfang.

Hvað hyggstu gera á hátíðinni:

Kynning á starfsemi í sýningarbás () Tónlistarflutningur () Skemmtiatriði () Annað og þá hvað: Við hvetjum fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga í Mosfellsbæ, til að vera með og vera þátttakendur í að auka vöxt og velferð atvinnu- og félagsstarfsemi í Mosfellsbæ.

Vinsamlega hafðu samband strax að loknum þessum lestri til eftirfarandi: Netfang: dadithor@internet.is eða í síma: 663-9225.

Með kveðju og von um skjót viðbrögð, f.h. undirbúningsnefndar, Daði Þór Einarsson



Helgi útskrifast sem sagnfræðingur

Helgi Sigurðsson dýralæknir útskrifaðist á dögunum frá Háskóla Íslands sem sagnfræðingur. "Nú er maður bara að undirbúa ellina og sinna áhugamálunum" sagði Helgi þegar Mosfellingur náði tali af honum. Helgi hefur stundað námið síðustu ár samhliða vinnu og ætlar að halda ótrauður áfram í mastersnám. "Í stað þess að ríða út á kvöldin drekki ég mér í bókmenntum. Þetta er bara hugarleikfimi sem ég hef alltaf haft mikinn áhuga á". Helgi hélt veislu að heimili sínu að Steinahlíð síðustu helgi með sínum nánustu.



Heimilislegir stofutónleikar

Í sumar verða tónleikar í stofunni á Gljúfrasteini alla sunnudaga klukkan 16. Fjölbreyttur hópur tónlistarmanna mun leika á stofutónleikaröðinni og síðasta sunnudag hélt Ólöf Arnalds frábæra tónleika. Næsta sunnudag, 24. júní, munu þau Sigurgeir Agnarsson, sellóleikari og Berglind Stefánsdóttir, flautuleikari halda tónleika. Það myndast alltaf sérstök stemmning á stofutónleikunum, enda umhverfið og andrúmsloftið sérstaklega skemmtilegt. Stofutónleikaröðin stendur út ágúst en allar nánari upplýsingar er hægt að finna á gljufrasteinn. is. Aðgangseyrir er 500 krónur.

MOSFELLINGUR KEMUR NÆST ÚT UM MIÐJAN ÁGÚST



Konurnar á Hlaðhömrum tóku forskot á Kvennahlaupið

Hver á sínum forsendum

konurnar á Hlaðhömrum sig til og þjófstörtuðu á kvennahlaup ÍSÍ. Þetta er í fyrsta skipti sem boðið er upp á kvennahlaup að Hlaðhömrum með þessu móti. Þátttakan var góð og allar fengu þær verðlaunapening að loknu hlaupinu og höfðu það nokkrar á orði að þetta væri þeirra fyrsti verðlaunapeningur á lífsleiðinni. Vegalengdirnar voru allt frá hálfum og upp í þrjá kílómetra og fóru þær hver á sínum hraða. Þær Halla Ýr og Alfa Regína úr Toppformi sáu um kvennahlaupið og voru ánægðar með undirtektir kvennanna á dvalarheimilinu.





Stoltar og ánægðar að hlaupi loknu

Vel tekið á móti

Auður Laxnes tekur við verðlaunapeningi

ÁFRAM STELPUR!

Keppnistímabil mótorhjólamanna byrjar með látum okkar fólk stendur sig vel

MotoMos byrjar vel



Fyrsta Íslandsmeistarakeppnin í þolakstri var haldin á Hellu þann 12. maí og voru alls u.þ.b 200 keppendur mættir til leiks. Það var ljóst að það ríkti mikil spenna í loftinu um hver kæmi best undan vetri.

Mosfellingurinn Einar Sigurðsson gerði sér lítið fyrir og sigraði eftir harða keppni. Annar Mosfellingur, Valdimar Þórðarson, hreppti bronsið eftir mjög jafna keppni. Valdimar setti við sama tækifæri Íslandsmet í stökki með frjálsri aðferð.

Keppnin á Klaustri er oft kölluð þjóðhátíð mótorhjólafólks og voru samtals 527 keppendur mættir.

Eftir fyrsta hring var ekki langt á milli 1. og 2. sætis, en sænskur meistari var í 1. sæti og Valdi 270 kom þétt á hæla honum.

Staðan á efstu mönnum hélst nær óbreytt út keppnina en Einar Sig og liðsmaður hans Raggi náði fram úr Valda 270 og liðsmanni hans Gulla.

Fyrsta mótorkrosskeppni sumarsins fór fram á Álfsnesi í RVK og ljóst að barátttan um Íslandsmeistaratitilinn í mótorkrossi verður hörð. Í lok sumars verða þrír efstu menn sendir fyrir Íslands hönd til Bandaríkjanna





á "MX of nations" sem er einskonar Ólympíuleikar í mótorkrossi.

Mosfellingarnir Kjartan Gunnarsson, sem var í toppbaráttunni og Friðgeir Guðnason stóðu sig frábærlega. Valda 270 gekk ekki vel og endaði í 4. sæti.

Einar Sig #4 endaði í 2. sæti en Kári Jónsson #46 kom sá og sigraði öllum að óvörum og ók af hreinni snilld.

Ljóst er að MotoMos er með stóran og gríðarlega efnilegan hóp sem gaman verður að fylgjast með. MotoMos er félag áhugafólks í Mosfellsbæ um mótorkross, enduro og fjórhjól og var stofnað árið 2000.


Dróttskátasveitin Wyxus vinnur að forsetavörðu

Mosverjar á topp Hvannadalshnjúks



Laugardaginn 19. maí gengu galvaskir skátar úr Mosverjum á hæsta tind Íslands, Hvannadalshnjúk. Dróttskátarnir eru að vinna að forsetavörðunni og var þessi ferð lokaverkefnið þeirra. Gangan hófst aðfaranótt laugardags og tók þá við tíu klukkustunda löng ganga upp á sjálfan hnjúkinn. Gangan var löng og erfið með vind og skafrenning í fangið alla leiðina upp. Þegar þau voru loksins komin upp þá lægði og sólin skein. Það var margt um manninn á hnjúknum enda um 200 manns á

gangi. Það sást ekki á umhverfinu að það hefðu 200 manns gengið þarna um, fyrir utan fullt af fótsporum og pissublettum. Þau voru fegin þegar upp var komið en þá tók við sex tíma ganga niður sem knúin var áfram af vitneskju um heitan pott og lambakótelettur sem biðu í náttstað. Allir komust heilir á höldnu niður og voru fegnir að sofna eftir sextán tíma erfiði upp á hæsta tind Íslands í 2109,6 metra hæð og þau bíða spennt eftir ferðinni á Bessastaði í haust.



MOSFELLINGUR

KEMUR NÆST ÚT UM MIÐJAN ÁGÚST

ÞANNIG FÓR UM SJÓFERÐ ÞÁ

Ég, eins og svo margir landsmenn, ákvað að skella undir mig betri fætinum og skella mér í smá ferðalag í fríinu. Við fjölskyldan vorum búin að ákveða að fara vestur á Barðaströnd og vera þar í góðu yfirlæti í nokkra daga. Þá var ekki að bíða eftir neinu og bara kominn tími til að fylla drusluna af olíu, hlaða skottið af drasli, hoppa inni ríkið og taka með sér rautt og hvítt, koma við í búðinni og fylla kæliboxið af kræsingum ... jú, og leggja af stað.

Þetta er aldrei svona einfalt það kemur alltaf eitthvað upp á!

Hægra afturdekkið hálf vindlaust, sólgleraugun týnd eða brotin, síminn að verða batteríslaus og veiðistöngin týnd inni í geymslu.

En hálftíma á eftir áætlun var lagt af stað og að þessu sinni ætluðum við ekki að keyra alla leið heldur aðeins í Stykkishólm og taka Breiðafjarðarferjuna Baldur yfir á Brjánslæk sem er í um það bil 20 mínútna akstri frá leiðarenda.

Það er mjög þægilegt að taka dallinn yfir fjörðinn ef það viðrar vel til sjóferða. Margt er að sjá og alltaf hressandi að hræra í þýsku bakpokaferðamönnunum sem eru að fara skoða Látrabjarg, það eru alltaf nokkur stykki af þeim í bátnum. Nú ef það viðrar illa þá er bara að henda í sig nokkrum sjóveikispillum og sitja yfir Bangsímon með dóttur minni og hinum börnunum í vídeó-horninu.

Það er að segja að ég og dóttur mín höguðum okkur vel í dallinum, svo þegar líða tók á ferðina þá ákvað

ég að fara fram í og kíkja á þá afþreyingu sem í boði var í bíósalnum, ég er ekki

iþreyingu var í bíóer ekki

að grínast þegar ég sá hvað var verið að sýna ... Titanic!!! Já, ég er ekki að grínast og ekki að ýkja það var verið að sýna Titanic!!! Sko, þessa þar sem að skipið sekkur og allir drepast.

OK, ég er ekki mjög hjátrúarfullur en ef ég er um borð í 30 ára, nokkur hundruð tonna járnbraki sem framleitt er í Rússlandi, boðið út til lægst bjóðanda og rekið er af vegagerðinni þá finnst mér það ekki góð leið til þess að drepa tímann að sýna þessa mynd. Þar sem þetta stóra, glæsilega skip sekkur í jómfrúrferðinni sinni

pá er það ekki hughreystandi að vita af sjálfum sér inni í þessu braki sem var keypt á einhverju tilboði frá Lettlandi og sem er búið að þjóna sínum tilgangi í 30 ár þar og síðan selt til Íslands.

Þegar ég fór svo aftur í skip og

var að skoða bæklinga um gersemar Vesturlands rek ég augun í bækur í einum rekkanum sem var fullur enda enginn tekið eintak með sér. Var þar á forsíðu mynd af skipi að sökkva og þegar ég rýndi í heiti bókar- inn-

ár/bæklingsins var þetta
Árskýrsla sjóslysa frá
2005!!! Ég er ekki að grínast, þetta var sú afþreying sem boðið var upp á
í þessari ferð, bíómyndir um drukknandi fólk
og ef ég hefði nú þurft
að bregða mér frá
og pissa eða eitthvað þá gæti ég
lesið um sjóslys
...fór í öðruvísi sjóferð

og flett þeim upp frammi ef ég skyldi nú hafa misst af

frammi ef ég skyldi nú hafa misst af einhverju.

Ég er prinsippkall þegar kemur að þessu ég vil ekki horfa á flugslysamyndir áður en ég fer að fljúga, ég vil ekki heyra talað um klósettferðir eða -reynslu meðan ég er að borða og ég vil ekki horfa á myndir um sökkvandi skip eða skoða það í bæklingum þegar ég er á siglingu. Svona er ég bara. Annars gekk ferðin bara ágætlega.



Heyrst hefur...

- ...að Kóngsi og Ína séu að fara fjölga Mosfellingum
- ...að Björn í Gróanda sé aðalmódel í auglýsingum garðyrkjubænda
- ...að Pétur Ingi hafi farið holu í höggi á 6. brautinni á Hlíðavelli fyrir skömmu við mikinn fögnuð
- ...að Ragga Bjarna sé ófrísk
- ...að Guðni Birkir eigi afmæli í dag
- ...að nýju húsin í Skálahlíð, sem er fyrir neðan Hulduhóla, komi til með að kosta litlar 70 milljónir
- ...að Baddi í JeffWho? hafi skorað sigurmark gegn Hvíta Riddaranum
- ...að rauðskjóttur hestur sé í óskilum hjá hreppsnefnd Kjósarhrepps. Hann verður seldur á uppboði ef eigandi finnst ekki.
- ...að ungi Krónu-ræninginn sem rændi 100.000 kr úr Krónunni fyrir ári síðan sé nú á leið í fangelsi í tvö ár. Dæmt var í síðustu viku.
- ...að einn og einn karl hafi laumað sér í kvennahlaupið á dögunum
- ...að Simmi úr Idolinu og Sveppi hafi haldið 17. júní hátíðlegan með Mosfellingum við Hlégarð enda Simmi n<u>ýfluttur í bæinn</u>
- ...að bæjarstjóri vor þurfi ekki að hafa áhyggjur af buddunni þessa dagana. Bæjarstjóralaun og þingfararkaup nálgast 1 og hálfa kúlu þessa dagana.
- ...að Guðrún Erna og Árni Magg í íþróttahúsinu séu glænýtt par
- ...að Valdís Þorkels og Bítillinn Paul McCartney hafi náð vel saman á tónleikaferð með Björk Guðmunds
- ...að Sjonni og Emma séu flutt til Nýja-Sjálands
- ...að Matti í íþróttahúsinu sé búinn að raka af sér mottuna og hafi yngst um minnst 20 ár
- ...að bæjarfulltrúar fá tæplega 25.000 kall fyrir hvern setinn bæjarstjórnarfund
- ...að fyrrum sambýlismennirnir Þórður og Biggi séu báðir búnir finna fjölina
- ...að nýju Re/Max gæjarnir hafi skellt sér í þyrlu yfir bæinn og afraksturinn megi sjá hjá þeim á Risa-myndum á veggjunum

mosfellingur@mosfellingur.is



Sundnámskeið Kobba krókódíls og Urðar urtu

Með kork og kút

Hið sívinsæla sundnámskeið Kobba krókódíls og Urðar urtu lýkur í dag í Varmárlaug. Krakkarnir hafa lært sín fyrstu sundtök hjá þeim Siggeiri og Svövu Ýr. Mosfellsbær hefur útvegað skólabíl til og frá leikskóla foreldrum að kostnaðarlausu sem hefur lagst vel til.





Lesendur eru hvattir til að senda blaðinu póst með stöku eða öðru skemmtilegu sem gæti átt heima í hagyrðingahorni blaðsins. Mosfellingi barst á dögunum þessi skemmtilega vísa frá Ara.

Bryndís í bænum enn á ný, býsnast yfir moldarbing. Ríkharðsdóttir rennur því, rakleiðis á sumarþing.

Ari Gústavsson



Hilmar Sigurðsson viðskiptafræðingur



Stefán Hilmarsson stórsöngvari með meiru

I eldhusinu HJÁ STELPUNUM Í PÍLUS

Sterkur kjúklingaréttur

Það er gömul hefð á hárgreiðslustofunni Pílus að í hádeginu á föstudögum er heitur <mark>matur sem starfsfólkið skiptist á að</mark> sjá um. Starfsfólkið er sammála um að Lucy Anna Marie Scime, sem stendur fyrir miðri mynd, sé meistarakokkurinn á stofunni og er upp-<mark>skriftin fengin frá henni. "Ég læri hjá</mark> pabba mínum, Deane Julian Scime, sem er alvöru meistarakokkur. Þessi hefð, að vera með <mark>heitan matardag, lífgar upp á v</mark>ikuna og dregur úr stressi þar sem mikið er að gera <mark>hjá okkur á föstudögum og því er</mark> þægilegt <mark>að geta bara farið inn á kaffistofu og fengið</mark> sér að borða í hádeginu.'

Fjórar bringur settar í pott og soðnar í 20 mín., bringurnar settar í eldfast mót

Sósa:

Sósan í þessum rétti á að vera extra mikil Libbys tómatssósa, miðsstærð (500gr.+) ½ I rjómi

1 og ½ msk. karrý

3 msk. Pepperblend frá McCormick Allt er hrært vel saman og sett yfir bringurnar í eldfasta mótinu og

sett í ofn við 180°C á undir/yfir hita í 40-60 mín. eða þar til sósan verður dökk að ofan. Það þarf að hræra í annað slagið.

Meðlæti: hrísgrjón, salat og hvítlauksbrauð. Einnig er sérlega gott að hafa franskar með, þó það sé óhollt.







Handverkskonur eru nú komnar í nýtt húsnæði

Handverk í Háholti

Handverkskonur hafa komið sér vel fyrir í nýja húsnæðinu í Háholti 14. Þangað fluttu þær úr kaupfélagshúsinu, ofar í Háholtinu, en þær höfðu lengi leitað að betra húsnæði og nú er verslun þeirra staðsett miðsvæðis í bænum, við hliðina á Snælandi. Þetta er mikil bragarbót fyrir starf handverkskvennanna og voru þær hinar hressustu þegar blaðamann Mosfellings bar að garði og buðu alla Mosfellinga velkomna.

SKÁLATÚNSHEIMILIÐ

Starfsfólk vantar í 80% stöðu í búsetu á Skálatúnsheimilið. Um er að ræða vaktavinnu, mest kvöldvinna. Upplýsingar gefur sviðsstjóri, Anna Kristín í síma 530-6603. Einnig er hægt að fylla út umsókn á http://www.skalatun.is

STUTTMYNDA- OG LJÓSMYNDANÁMSKEIÐ

Skemmtileg og fróðleg námskeið fyrir byrjendur þar sem farið verður yfir grundvallaratriði í ljósmyndun og kvikmyndagerð. Leiðbeinendur verða Magnús Már og Steindi Jr.

13.-17. ÁGÚST

Hópur 1 10-13 ára Hópur 2 13-16 ára





Þú sækir pizzu og stóran skammt af brauðstöngum og færð aðra FRÍTT með



SPURNING TIL BÆJARBUA

Frítt í strætó í Mosó?



ARNDÍS: Ekki spurning



ARON: Já. takk



BJARKI: Já, það væri æskilegt



NANNA: Já, mér finnst það



PÉTUR: Nei, ég er alveg á móti því



ÞÓRUNN: Að sjálfsögðu



Kjarri flokksstjóri

Eftir gresjunni kemur maður

...það er kominn 17. júní

Nýstúdent

Dólgarnir úr Dalnum

Hjörtur og Farinn

TVÍFARAR

Valdimar leó



Til hamingju með yndisleg. an þjóðhátíðardag mínir kæru Mosfellingar og aðrir aðdáendur sem keyra jafnvel frá Kópaskeri til þess að nálgast eintak af Mosfellingi.

Alltof langt síðan ég hef leyft ykkur að lesa einhver uppbyggjandi og fræðilega skrif eftir mig eins og þau jú ávalt eru.

En talandi um þjóðhátíðardag inn þá var minn einkar eftirminnilegur. Sérstaklega fyrir þær sakir að ég sá um að matreiða pulsur ofan í mjög svo svanga Mosfellinga. Þetta var liður í fjáröflun 4. flokks karla sem ég er að þjálfa en við félagarnir erum að fara á Partille Cup í Svíþjóð í byrjun júlí ásamt 4. flokki kvenna og fögru

Ég sá fyrir mér að vera þarna á svæðinu og kíkja inn í vagninn við og við meðan að strákarnir sæju um þetta. Ég gerði sennilega allt nema það.

Eftir að hafa bettlað framlengingarsnúru af öðrum hverjum bæjarbúa tókst mér að koma rafmagni á kofann. Eftir það stóð ég samfleytt í svona fimm tíma að kokka pulsur ofan í samborgara mina. Það var ekkert smá sem að fólk gúffaði í sig af pullum. Sem er auðvitað jákvætt enda var þetta fjáröflun.

En ég var alveg orðinn steiktur á endanum eftir að hafa gert mörghundurð pullur. Fólk var líka farið að biðja um eina Slææ með öllu. Enda leit ég út eins gufureykt bjúga eftir daginn.

Ég verð að hrósa bæjarbúum fyrir fyrsta almennilega 17. júní í Mosfellsbæ í langan tíma. Stemmningin og mætingin hafa ekki verið jafn góð lengi. Enda var veðrið alveg frábært. En þangað til næst, hafið það gott.



SMÁAUGLÝSINGAR

Íbúð til leigu

Rúmgóð 2 herbergja íbúð til leigu frá 1. ágúst á besta stað í Mosó. Hagstæð leiga fyrir rólegt reyklaust par eða einstakling. Upplýsingar í síma: 895-7055

Viðskila hjólastóll

Hjólstóll fannst í Markholti á dögunum. Ef einhver kannast við stólinn er hægt að hafa samband í síma: 892-0933 (Ólafur)

Óska eftir leiguíbúð

Óska eftir íbúð til leigu skilvísum greiðslum heitið, fyrirfram ef

Fannar, sími: 825-2212.

Vantar hjónarúm

Óska eftir notuðu hjónarúmi ástand skiptir ekki máli, get komið og sótt Bragi, sími: 861-7290

Týnd gleraugu

Gleraugu með rauðri umgjörð týndust á dögunum einhversstaðar á milli Tröllateigs og Kjarna/Bæjarleikhúss. Þeirra er sárt saknað. Fundarlaun Símar: 821-9801 og 863-7996

Par óskar eftir íbúð

Par með ársgamalt barn óskar eftir þriggja herb. íbúð á leigu frá 1. september. Er að koma heim úr námi. Upplýsingar í síma: 843-9482 (Guðrún) eða á netfangið helgaf45@gmail.com

Gefins tölva

Lítið notuð tveggja ára gömul fartölva fæst gefins gegn því að verða sótt. Einnig fæst nýlegur 32" flatskjár á vægu verði. Einnig tilbúin að skoða skipti Upplýsingar í síma: 693-9178

VEISLUGARÐUR Hlégarði

s. 566 - 6195

ISHAMAR

Alhliða trésmíði

Álafossvegur 27 - Sími: 5868356 - ishamar@ishamar.is

Leitum að starfsfólki

Svæðisskrifstofa Reykjaness leitar að starfsfólki til starfa í vaktavinnu á heimili fatlaðs fólks í Mosfellsbæ.

Skemmtileg og lærdómsrík störf. Boðið er upp á öflugan stuðning í starfi og þjálfun. Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi SFR.

Nánari upplýsingar um störfin ásamt öðrum störfum eru veittar á skrifstofutíma í síma: 525-0900, Fjarðargötu 13-15, 220 Hafnarfirði eða á heimasíðunni www.smfr.is.



hugurogheilsa.com - hugurogheilsa.com - hugurogheilsa.com

Bowentækni, höfuðbeina- og spjaldhryggsmeðferð, reikiheilun, reikinámskeið, Shiatsu þrýstipunktameðferð

Brynjólfur Einarsson, þerapisti s: 866-0007

TEPPAHREINSUN OG GLUGGAÞVOTTUR

fyrir fyrirtæki, fjölbýli og einstaklinga Brynjólfur Einarsson s: 659-2375

Íslandsgröfur ehf. Mosfellsbæ

ÖLL ALMENN GRÖFUÞJÓNUSTA **Á TRAKTORSGRÖFU**

Sanngjarnt verð, fljót og góð þjónusta!

Símar 566 8830 og 896 8916 Tölvupóstur: islandsgrofur@islandsgrofur.is



Öll almenn veislu- og veitingaþjónusta

Hvort sem er í heimahús eða í sal. Höfum sali til leiau

Gæðakokkar - Blikastöðum 2 Símar: 586-8412 / 660-2440





Bestu pizzurnar í bænum

ÞVERHOLT 2 - KJARNI

MOSFELLINGUR GK Snyrtistofc Kjarna Pverholti 2 Sími: 534 3424

Kjarna Þverholti 2





Stórikriki - raðhús

Glæsileg og vel byggt 4ra íbúða raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúrum frá 219fm-244 fm með innbyggðum bílskúrum á þessum mikla útsýnisstað fremst í Stórakrika í Mosfellsbæ. Húsin eru 219-244 fm og afhendast tilbúin til innréttinga og fullbúin að utan. Mikil lofthæð og gott skipulag.Forhitari fyrir neysluvatn. Hiti í gólfum. 2.7 m lofthæð.



Sími: 588 55 30

Opið virka daga frá kl. 9-18 Netfang: berg@berg.is • www.berg.is

Pétur Pétursson Löggiltur fasteignasali GSM: 897 0047





Háholt

Sannkallaðar 2ja-3ja herbergja lúxusíbúðir í hjarta Mosfellsbæjar. -Fyrsta flokks innréttingar, gólfefni og tæki. -Sérinngangur-Glæsilegt útsýni Verð frá 24,5 -29,5 Íbúðir fyrir vandláta



Stórikriki

Fallegt 258 fm einbýlishús á einni hæð með fallegum byggingarstíl sem afhendist fullbúið að utan en fokhelt að innan. Stór lóð.Tvöfaldur bílskúr, tvö baðherbergo, mikil lofthæð og flottur frágangur. Getur afhenst á ýmsum gyggingarstigum. **V. 46,5 m.**



Hamratangi

Nýtt í sölu. Mjög vel skipulagt 145,6 fm. parhús með innbyggðum bílskúr auk ca 30 fm óskráðs rýmis. Upptekin loft og mikil lofthæð í stofu og eldhúsi. 5 svefnh og 2 snyrtingar. Innangengt úr bílskúr í íbuð. Stórt bílaplan. Góð staðsetning. V. 39,5 m.



Arkarholt

Mjög vandað og vel staðsett 175 fm. einbýli á flottum stað í Mosfellsbæ auk 41 fm. bílskúrs samtals: 215 fm. Stór og vel gróin garður. Hellulögð verönd með heitum potti. Stór stofa með sólskála. Tvö baðherbergi og stórt eldhús. Þvottahús og búr inn af eldhúsi. V. 48,9 m.



Litlikriki - raðhús

Glæsileg og vel skipulögð 280 fm raðhús á tveimur hæðum.-Frábært útsýni-Afhendast fullbúin að utan en fokheld að innan í lok sumars 2007 Verð frá 36,2 - 37,2



Litlikriki

Nýtt í sölu. Vorum að fá 4 raðhús á frábærum stað við Litlakrika í Mosfellsbæ í sölu. Flott teikning og skipulag. 207 fm. afhendast langt komin með verönd og innbyggðum bílskúr. Eru á einni hæð og hægt er að fá þau afhent í ymsum byggingarstigum. V. 41-43m.